

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Heiðargerði 21.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Heiðargerðisreits vegna lóðarinnar nr. 21 við Heiðargerði. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja tvær hæðir innan byggingarreits B í stað einnar hæðar með svölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Bleikargróf 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 6 við Bleikargróf. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli sem heimilar að öll rými skulu reiknuð inn í nýtingarhlutfall að hámarki 0,62 ásamt fjölgun bílastæða um eitt fyrir hreyfihamlaða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skriðustekkur 17-23.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 15. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 1, neðra Breiðholts, vegna húss nr. 19 á lóð nr. 17-23 við Skriðustekki. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu við suðurhlið húss nr. 19 við Skriðustekki. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sjafnarbrunnur 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til heimilda um afgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 13. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 2 við Sjafnarbrunn. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 8 í 9, draga úr bogadregnum hluta þakflatar og færsla á innkeyrslu í bílageymslu hússins frá Sjafnarbrunni til Nönnubrunns. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Suðurlandsbraut 18.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 5. mars 2016 breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar – Ármúla vegna lóðarinnar nr. 18 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst heimild til að stækka byggingarreit bakhússins svo reitur nái yfir núverandi bílageymslu, fjarlægja bílastæði á 2. hæð bílageymslu og byggja allt að þriggja hæða byggingu á suðausturhluta lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 19. apríl 2016.*

**Björn Axelsson.**